ORKUSTOFNUN

Áætlaðar rannsóknir jafnhliða borun holu 8 við Urriðavatn

Sigmundur Einarsson, Ólafur G. Flóvenz, Guðjón Guðmundsson, Þorsteinn Thorsteinsson, Jens Tómasson, Margrét I. Kjartansdóttir

Greinargerð SE-ÓGF-GjG-ÞTh-MK-83/06

ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild
1983-08-12

Greinargerð
SE-ÓGF-GjG-ÞTh-JT-MK-06/83
gb

ÁÆTLAÐAR RANNSÓKNIR JAFNHLIÐA BORUN HOLU 8 VIÐ URRIÐAVATN.

Jarðhitadeild leggur til að eftirfarandi rannsóknir verði gerðar meðan borun holu 8 við Urriðavatn stendur yfir.

1. Svarfsýni verða tekin með 2 m millibili eins og venja er.

2. Holan verður hallamæld eftir hverja 100 m og oftar eftir nánari fyrirsögn JHD ef holan tekur að beygja.

3. Mæla skal vatnsborð í holunni á hverjum morgni.

4. Fylgjast skal nákvæmlega með skoltöpum eða aukningu, til að meta hvort æðar koma í holuna.

5. Setja skal síritandi vatnsborðsmæli á holu 3. Ganghraði 12 mm/klst. og mælihlutfall 1:20.

6. Reynt verður að meta lekt einstakra æða neðan 400 m dýpis fljótlega eftir að þeirra verður vart í borun. Lektina má e.t.v. meta út frá vatnsborðsbreytingum, sem verða í holunni eftir að bordælur og loftpressa hafa verið stöðvaðar að kvöldi. Verði niðurstöður ófullnægjandi, kemur í fyrsta lagi til greina loftdæling gegnum 9 5/8" hjálparfóðringu í 6 - 10 klst., og í öðru lagi ádæling undir pakkara. Prófun með pakkara er öruggasta leiðin til að meta lekt æðanna en jafnframt sú tímafrekasta, 1-2 dagar. Aðgerðir þarf að ákvarða nánar eftir aðstæðum hverju sinni.

   Þegar borun er lokið verður tekin ákvörðun um hvaða prófanir verða gerðar á holunni til að fá mat á afköst hennar.

7. Að borun lokinni, en áður en fóðrað verður kemur mælingabíll á staðinn og gerir eftirfarandi mælingar.
   a) hiti - mismunahiti
   b) víddarmæling
   c) viðnámsmæling
   d) náttúrlegt gamma
   e) neftrón - neftrón.

8. Meðan á borun stendur er æskilegt að dæling úr holum 4, 5 og 6 sé sem stöðugust og að vatnsmagn, niðurdráttur og hiti í holunum verði skráður reglulega.

9. Síritandi hitamælir verður látinn vera í holunni á hverri nóttu. Mæla skal hita með 10 m millibili í neðstu 50 m þegar hitamælir er hífður upp að morgni.